

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um reynslulausn.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförunum 4 árum?
2. Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförunum 4 árum eftir að helmingur fangelsisrefsingar er liðinn?
3. Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförunum 4 árum eftir að tveir þriðju hlutar fangelsisrefsingar eru liðnir?
4. Við hvers konar hegningarlagabrot hefur reynslulausn verið beitt á undanförunum 4 árum, sundurliðað?
5. Hver er helsti rökstuðningur Fangelsismálastofnunar þegar hún veitir reynslulausn, en skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, ber stofnuninni að rökstyðja ákvörðun sína?

**Skriflegt svar óskast.**